

LÖGMANNABLAÐIÐ

13. árgangur | mars | 1/2007

Könnun: Lögmennt á lögmannsstofum Viðurkenning lögmannsréttinda erlendis Þjónustutilskipunin



Lögmannafélag
Íslands



Efnisyfirlit

Fagtengt efni

Bréf LMFÍ til stjórnvalda:

Útgjöld til réttaraðstoðar
og málskostnaðar í opinberum málum

6

Breytingar á félagatali nýliðsins starfsárs

10

Friðgeir Björnsson:

Hádegisfundur Lögfræðingafélags Íslands:
Er dómaframkvæmd um aðild ríkisins
lent í öngstræti?

12

Umsagnir laganefndar LMFÍ

13

Könnun Lögmannablaðsins:

Lögmenn á lögmannsstofum

14

Elín Blöndal:

Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála

20

Af vettvangi félagsins

21

Sigrún H. Kristjánsdóttir:

Þjónustutilskipunin og áhrif hennar á lögmenn

26

Margrét Gunnarsdóttir:

Hvernig héraðsdómslögmaðurinn varð advokat í Noregi

28

Fastir pistlar

Hrafnhildur Stefánsdóttir:

Frá ritstjórn

4

Helgi Jóhannesson:

Pistill formanns

19

Eyrún Ingadóttir:

Fréttir frá félagsdeild

24

Á léttum nótum

Afmælisfagnaður LMFÍ

8

Árni Á. Árnason:

Skákmót LMFÍ 2007

23

Af Merði lögmanni

25

Lögmannanámskeið

30

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS:

Álftamýri 9, 108 Reykjavík

Sími (tel.): 568-5620

Bréfsími (fax): 568-7057

Netfang: (E-mail): lmfi@lmfi.is

Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:

Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

RITNEFND:

Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttur hdl.,

Sigurður Arnalds hrl.,

Skúli Bjarnason hrl.,

Svanhvít Axelsdóttir hdl.,

Tómas Eiríksson hdl.,

Þorsteinn Einarsson hrl.

BLAÐAMAÐUR:

Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:

Helgi Jóhannesson hrl., formaður

Helga Jónsdóttir hdl., varaformaður

Ástríður Gísladóttir hdl., ritari

Stefán Geir Þórisson hrl., gjaldkeri

Lárentsínus Kristjánsson hrl., meðstjórn-
andi

STARFSFÓLK LMFÍ:

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri

Eyrún Ingadóttir félagsdeild

Hjördís J. Hjaltadóttir ritari

Forsíðumynd: Lögmenn að störfum.

Efsta röð f.v.: Hulda Árnadóttir, Ástráður

Haraldsson, Garðar Valdimarsson

og Ívar Pálsson. Miðröð f.v.: Einar

Baldvin Árnason, Erlendur Þór

Gunnarsson, Björn L. Bergsson og

Halldór Bachmann. Neðsta röð f.v.:

Þórunn Guðmundsdóttir, Lúðvík Örn

Steinarsson, Hjördís Halldórsdóttir og

Jóhannes Rúnar Jóhannsson.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn

kr. 2.000 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 700 + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:

ritstjori@lmfi.is

PRENTVINNSLA:

Gutenberg

UMSJÓN AUGLÝSINGA:

Öflun ehf.,

Sími 533 4440

ISSN 1670-2689



Nýmæli í meistaranámi Áherslusvið — Aukin sérhæfing

Nemendur geta valið um að taka tilgreind námskeið á einu af 10 áherslusviðum til meistaraþrófs.

Með því að bjóða upp á áherslusvið er nemendum gefinn kostur á að auka sérhæfingu sína með markvissari hætti en áður en atvinnulífið kallar eftir sérhæfingu á flestum sviðum.



Hrafnhildur Stefánsdóttir hrl.

Meginefni þessa tölublaðs er könnun sem Lögmannablaðið lét gera meðal lögmannna á lögmannsstofum. Þetta er í fyrsta sinn sem könnun af þessu tagi er gerð hér á landi en lögmannafélög á Norðurlöndum hafa gert svipaðar kannanir reglulega síðustu ár. Það ber að þakka lögmonnum undirtektirnar. Svarhlutfallið var 63% sem er sambærilegt við samsvarandi kannanir í Noregi og Svíþjóð.

Fjöldi spurninga var haldið í lágmarki og þeim hagað þannig að auðvelt væri fyrir lögmennt að svara þeim. Fyrir vikið er könnunin ekki jafn ítarleg og norrænu kannanirnar sem byggjast mikið á því að safna upplýsingum um rekstraraflkomu lögmannsstofanna.

Ef litið er til stærðar lögmannsstofanna staðfesta niðurstöðurnar að hátt í helmingur þeirra lögmannna sem starfa á lögmannsstofum (42%) eru á stærri stofum, þar sem eru fleiri en fimm lögmennt. Fulltrúum virðist fara hlutfallslega fjölgandi og þeim sem starfa á stóru stofunum með tíu eða fleiri lögmonnum. Það er sama þróun og víða annars staðar. Aðsókn að réttindanámskeiðunum staðfestir það einnig að ungir lögfræðingar vilja eiga þann möguleika að fara í lögmenntsku. Þá er ánægjulegt að fá staðfest að konur standa jafnfætis körlum hvað varðar tímagjald og eru framsæknari þegar kemur að sérhæfingu og markaðssetningu.

Þessi könnun er vonandi upphafið að frekari kortlagningu á starfsumhverfi lögmannna. Meginildi kannana af þessu tagi felst í endurtekningunni, að geta mælt breytingar og fylgst þannig með þróuninni innan greinarinnar. Þá getur verið ástæða til að bæta við spurningum. Að þessu sinni voru lögmennt, svo dæmi sé tekið, ekki spurðir hvort þeir sinntu aðallega ráðgjöf við fyrirtæki eða einstaklinga. Eins og sést af umfjöllun blaðsins um norrænu kannanirnar er verulegur munur er á þessum tveimur hópum þar bæði hvað varðar tekjur og sérhæfingu.

Notkun á hugtökum olli nokkrum þeirra sem svöruðu könnuninni erfiðleikum. Það á ekki síst við um einyrkja-hugtakið en almennt hefur það verið notað um þá sem starfa einir án aðstoðar eða félags við aðra. Hugtakið „sjálfstætt starfandi lögmaður“ er heldur ekki mjög lýsandi og ekki síst þegar lögmennt eru hluthafar í félagi um rekstur stofunnar. Það er því spurning hvort þetta heiti eigi lengur rétt á sér sem samheiti yfir lögmennt sem eru eigendur eða eiga eignarhlut í lögmannsstofu nema ef vera skyldi af sögulegum ástæðum. Annars sýnist mér eðlilegra að tala um eigendur. Eins er með fulltrúana. Í könnuninni er gengið út frá því að allir sem ekki eru eigendur séu fulltrúar. Ekki var kannað hvort fulltrúarnir hefðu allir sömu stöðu gagnvart eigendum eða hvort einhver breyting hefði orðið þar á með fjölgun fulltrúa. Mér sýnist að þessi hugtakanotkun miðist frekar við gamla einyrkjafyrirkomulagið en síður þróuð fyrirtæki eins og margar lögmannsstofur eru í dag.

Í blaðinu er einnig fjallað nokkuð ítarlega um þjónustutilskipunina sem ætlað er að auðvelda lögmonnum og öðrum þeim sem veita þjónustu að fara á milli landa innan EES-svæðisins. Í því felst ekki aðeins áskorun fyrir íslenska lögmennt heldur einnig tækifæri til starfa erlendis. Sá réttur er reyndar þegar fyrir hendi eins og fram kemur í grein Margrétar Gunnarsdóttur um hvernig hún fékk íslensk lögmannsréttindi sín viðurkennd í Noregi en þar starfar hún nú sem „advokat“.

Þá er ástæða til að áréttta mikilvægi þess fyrir hlutleysi dómstóla að persónur dómara séu ekki dregnar inn í umfjöllun um niðurstöðu mála eins fram kemur í pistli formanns hér í blaðinu.

RENATA ERLENDSSON
lögiltur dómtúlkur og skjalapýðandi
certified translator & court interpreter

ÞÝSKA- ENSKA- RÚSSNESKA
GERMAN - ENGLISH - RUSSIAN



Renata ehf, þýðingar og túlkun
Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík
E-mail: renata@tv.is

Símar: 557 2830 h • 562 2562 v
GSM: 898 0904 • Fax: 562 2517



AÐALFUNDUR

Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 2007 verður haldinn föstudaginn 23. mars n.k., kl. 17:00 í Skála, Radisson SAS Hótel Sögu.

D A G S K R Á:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 8. gr. samþykkt fyrir Lögmannafélag Íslands.
2. Tillaga stjórnar um hækkun árgjalds til Lögmannafélags Íslands
3. Önnur mál.

Að loknum aðalfundi LMFÍ verður haldinn aðalfundur félagsdeildar LMFÍ.

D A G S K R Á:

1. Aðalfundarstörf samkvæmt 6. gr. reglna um félagsdeild LMFÍ.
2. Önnur mál.

Stjórn Lögmannafélags Íslands

BETRI KJÖR Á FJÁRMÁLAPJÓNUSTU OG TRYGGINGUM

Vöxtur samanstendur af bankapjónustu Kaupþings, tryggingapjónustu frá VÍS, Kaupþingi lífi og Líffís, fjármögnun frá Lýsingu og heimagæslu frá Öryggismiðstöðinni. Þú getur valið um fjölda þjónustubáttanna í Vexti og sparnaðurinn eykst eftir því sem þú nýtir þér fleiri þjónustubætti.

Pantaðu ráðgjöf á voxtur.is, hafðu samband við þjónustuver Kaupþings í síma 444 7000, þjónustuver VÍS í síma 560 5000 eða komdu við í næsta útibúi til að kynna þér málið.



KAUPÞING



VÖ XT UR

– þú færð meira

Útgjöld til réttaraðstoðar og málskostnaðar í opinberum málum

Í byrjun desember s.l. ritaði stjórn Lögmannafélagsins bréf til ráðuneytisstjóra dóms- og fjármálaráðuneyta þar sem gerðar voru verulegar athugasemdir við forsendur fjárlaga við mat á útgjöldum til opinberrar réttaraðstoðar og til greiðslu málskostnaðar í opinberum málum. Bent var á að heildarfjárveiting til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins vegna dómsmála næmi rétt um 1.524 milljónum króna, en undir þennan útgjaldaþátt ráðuneytisins falla fjárlíðir eins og Hæstiréttur Íslands, héraðsdómstólar, málskostnaður í opinberum málum, opinber réttaraðstoð, bætur til brotaþola og Persónuvernd. Fjárveiting til þessa málaflokks er nánast óbreytt að raungildi frá fjárlögum fyrir árið 2006, en í skýringum með fjárlagafrumvarpinu kemur m.a. fram að Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefði á undanförunum árum haft málskostnað í opinberum málum og opinbera réttaraðstoð til skoðunar vegna útgjalda umfram áætlunar fjárlaga.

Fjölgun dómsmála og aukið umfang

Stjórn félagsins benti í bréfi sínu á að niðurstaða fjárlaga væri sérstaklega athyglisverð í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur á fjölgun og umfangi sakamála undanfarin ár. Vísað var til þess að fyrstu sex mánuði ársins 2006 hefðu 1.464 ákærur verið teknar til meðferðar hjá héraðsdómstólum landsins sem væri umtalsvert fleiri mál en á samsvarendi tímabili árána 1998 – 2005, auk þess sem stærri og flóknari sakamálum hefði fjölgað. Í ljósi þessarar þróunar yrði að telja óraunhæft að gera ráð fyrir nánast óbreyttum útgjöldum til umræddra málaflokka í fjárlögum

ársins 2007. Þessi niðurstaða væri reyndar enn fráleitari þegar haft væri í huga að útgjöld til annarra málaflokka dómsmálaráðuneytisins, svo sem til löggæslu og öryggismála, væru aukin um rúmlega 44% á sama tíma, en þessi hækkun væri m.a. rökstudd með vísun til hækkunar launa og verðlags milli ára.

Áhrif launa- og verðlagsbreytinga

Í bréfi sínu benti stjórn félagsins á, að gefnu tilefni, að auk hækkunar á kostnaði sem óhjákvæmilega fylgir fjölgun ákærumála og aukins umfangs þeirra, yrði við gerð fjárhagsáætlana að taka tillit til hækkunar málskostnaðar í opinberum málum út frá launa- og verðlagsbreytingum milli ára, enda færi stærstur hluti málsvarnarlauna til greiðslu á rekstri lögmannsstofa og launum til lögmannna. Hið sama ætti við um áætlun útgjalda vegna opinberrar réttaraðstoðar, sem aukist hefðu hratt á undanförunum árum, bæði vegna fjölgunar mála sem lögum samkvæmt sæta gjafsókn eða gjafvörn og þeirra mála sem falla undir almenna

gjafsóknarheimild vegna bágrar fjárhagsstöðu málsaðila.

Stjórnvöld standi undir skuldbindingum sínum

Með bréfinu vildi stjórnin koma þeirri ábendingu á framfæri við ráðuneyti dóms- og fjármála, að þeim forsendum sem lagðar væru til grundvallar í fjárlögum ár hvert yrði breytt, þannig að þær endurspegluðu raunverulega stöðu þessa málaflokks hverju sinni. Það væri einlæg von stjórnar félagsins að hið stórukna fjármagn sem veitt væri til löggæslu og öryggismála samkvæmt fjárlögum ársins 2007 skilaði sér í færri ákærumálum í framtíðinni og drægi úr álagi á dómstóla landsins. Jafnframt að aukin velferð í samfélaginu drægi úr þörf fyrir opinbera réttaraðstoð. En á meðan málafjöldi fyrir dómstólum landsins sýndi annan veruleika, yrðu stjórnvöld að standa undir þeim skuldbindingum sem þau hefðu tekið á sig, m.a. með greiðslu málskostnaðar í opinberum málum og opinberri réttaraðstoð og standa þannig undir einum af hornsteinum réttarríkisins.



GAGNAGEYMSLAN

Við geymum
og þjónustum
skjölin þín!

Smiðshöfða 1 • Sími 587 9800 • <http://www.gagnageymslan.is>

Frábær árangur

Almenni lífeyrissjóðurinn skilaði sjóðfélögum góðu búi í árslok 2006. Ávöxtun sparnaðarleiða var með eindæmum góð sem skilar sér í betri afkomu sjóðfélaga.

Almenni lífeyrissjóðurinn*

Ævisafn I	21,8%
Ævisafn II	20,4%
Ævisafn III	13,8%
Ævisafn IV	12,2%
Tryggingadeild	21,3%
Lífeyrisdeild**	13,0%



Almenni lífeyrissjóðurinn hefur frá upphafi verið í fararbroddi við að bjóða nýjungar í rekstri og þjónustu við sjóðfélaga. Almenni lífeyrissjóðurinn er öllum opinn og hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum.



Almenni lífeyrissjóðurinn – enn betri!

Kynntu þér sjóðinn á www.almenni.is

Almenni lífeyrissjóðurinn | Kirkjusandi | 155 Reykjavík | Sími 440 4900

* Nafnávöxtun 2006 ** Skuldabréf metin á kaupkröfu.
Almenni lífeyrissjóðurinn er sjálfstæður lífeyrissjóður sem er rekinn af Glitni Eignastýringu.

Afmælisfagnaður LMFÍ

Þann 11. desember sl. varð Lögmannafélag Íslands 95 ára. Af því tilefni var félagsmönnum boðið til afmælisfagnaðar í húsakynnum félagsins að Álftamýri 9.

Félagið hét í upphafi Málflutningsmannafélag Íslands og voru stofnfélagar 17 talsins. Nafnið breyttist svo í Lögmannafélag Íslands í ársbyrjun 1945 og hefur haldist svo síðan. Formenn félagsins frá upphafi eru 30 talsins.

F.v. Helgi Jóhannesson, Ingimar Ingason og Jóhannes Albert Sævarsson.



Helga Jónsdóttir.



Jóhannes Albert Sævarsson og Sveinn Snorrason



F.v. Pórey Þórðardóttir, Hildur Friðleifsdóttir og Jónas Þór Guðmundsson.



Hrafnhildur Stefánsdóttir og Gunnar Jónsson ræða málin. Fjær standa Páll A. Pálsson og Karl Axelsson.



Ásgeir Jónsson og Valgeir Kristinsson.

Ástríður Gísladóttir, Steinar Guðgeirsson, Jónas Þór Guðmundsson og Karl Axelsson.



BISLEY

einfaldlega betri



Traustar skjalahirslur fyrir þig




BEDCO & MATHIESEN EHF

Bæjarhrauni 10 | Sími 565 1000 | Netfang: bedco@bedco.is
220 Hafnarfirði | Fax 565 1000 | www.bedco.is

Breytingar á félagatali nýliðins starfsárs

Töluverðar breytingar urðu á félagatali Lögmannafélags Íslands á liðnu starfsári. Félagsmenn með virk málflytningsréttindi eru nú 718 talsins og fjölgaði þeim um 23 á milli ára eða um 3,3%. Konum fjölgaði mun meira er körlum eða um 19 og eru þær nú 174 eða um 24,2% félagsmanna. Sjálfstætt starfandi lögmönnum fækkaði hlutfallslega eða úr 49% í 46%, en hlutfall löglærðra fulltrúa stóð í stað. Hlutfall innanhússlögmanna hækkaði hins vegar nokkuð, bæði þeim sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum og þeim sem eru starfsmenn fyrirtækja og félagasamtaka. Þannig hækkaði hlutfall fyrrnefnda hópsins úr 20% í 21% og þess síðari úr 11% í 13%. Hér að neðan er að finna nánari upplýsingar um skiptingu félagsmanna og kynjahlutföll. Tölur frá fyrra starfsári eru innan sviga.

Nýir félagsmenn frá síðasta aðalfundi eru samtals 55 (37), þar af 19 (18) sem leystu til sín eldri málflytningsréttindi. Þá hafa 13 (9) félagsmenn öðlast réttindi til málflytnings fyrir Hæstarétti Íslands, auk þess sem 1 félagismaður leysti til




Skipting (%) félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.

sín eldri málflytningsréttindi fyrir Hæstarétti. Alls voru 32 (32) lögmenn teknir af félagaskránni, þar af voru þrír sviptir málflytningsréttindum sínum.

Héraðsdómslögmenn eru 484 (468) talsins og hæstaréttarlögmenn 234 (227). Alls eru 335 (344) lögmenn sjálfstætt starfandi og 101 (94) lögmaður fulltrúi sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfar 241 (216) lögmaður, þar af 93 (75) hjá ríki eða sveitarfélögum og 148 (141) hjá fyrirtækjum

og félagasamtökum (af þeim 88 (75) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum). Fjöldi lögmanna sem ekki stunda lögmennsstörf sökum aldurs, sjúkleika eða af öðrum ástæðum er 41 (41) talsins.

Af félagsmönnum eru 174 (155) konur, þar af eru 20 (17) hæstaréttarlögmenn. Af konum í félaginu eru 53 (48) sjálfstætt starfandi og 38 (34) eru fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 83 (73) konur, þar af 40 (33) hjá ríki eða sveitarfélögum og 43 (40)





Fjölgun félagsmanna í Lögmannafélagi á tímabilinu 1997-2007.

Skipting (%) kvenkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.

hjá fyrirtækjum og félagasamtökum (af þeim 25 (21) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum).

Af félagsmönnum eru 544 (540) karlar, þar af eru 214 (210) hæstaréttarlögmenn. Af þessum 544 körlum eru 282 (296) sjálfstætt starfandi og 63 (60) starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna. Hjá ýmsum fyrirtækjum og stofnunum starfa 158 (143) karlar, þar af 53 (42) hjá ríki eða sveitarfélögum og 105 (101) hjá fyrirtækjum eða félagasamtökum (af þeim 63 (54) hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum).

Skipting (%) karlkyns félagsmanna í LMFÍ eftir því hvar þeir starfa.



Enn betri árangur

- með Fyrirtækjaþjónustu SPRON

Fyrirtækjaþjónusta SPRON veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum ásamt félagasamtökum trausta og persónulega þjónustu. Tekið er mið af sérstökum aðstæðum viðskiptavina svo að þeir geti einbeitt sér enn frekar að þýðingarmiklu hlutverki sínu í íslensku viðskiptalífi og náð þar enn betri árangri.



Er dómaframkvæmd um aðild ríkisins lent í öngstræti?

Þann 29. janúar sl. var haldinn fundur sem bar heitið *Hvernig er þetta með ríkið? - er dómaframkvæmd um aðild ríkisins lent í öngstræti?* Framsögumenn voru Einar Karl Hallvarðsson hæstaréttarlögmaður og dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst og Skúli Magnússon héraðsdómari og dósent við lagadeild Háskóla Íslands. Fundarstjóri var dr. Páll Hreinsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands. Fundinn sóttu rúmlega 60 manns og ber það vott um áhuga lögfræðinga á fundarefninu.

Báðir framsögumenn töldu að dómaframkvæmd á þessu sviði hafi verið misvísandi sem leitt hefði til óvissu um hverjum ætti að stefna þegar dómkröfur beindust að íslenska ríkinu, einstökum stofnunum þess eða einstökum stjórnvöldum.



F.v. Skúli Magnússon og Einar Karl Hallvarðsson.

Einar Karl nefndi nokkra dóma máli sínu til stuðnings. Má sem dæmi nefna annars vegar svokölluð Kárahnjúkamál sem höfðuð voru til ógildingar á

úrskurði umhverfisráðherra vegna mats Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar. Þar var fjármálaráðherra og umhverfis-



Rúmlega 60 manns sótti fundinn.

ráðherra stefnt til að þola ógildingu úrskurðar umhverfisráðherra en ekki Skipulagsstofnun. (H 231/2002, H 568/2002 og H 280/2003). Hins vegar var talið óþarft að stefna umhverfisráðherra í máli þar sem krafist var ógildingar á úrskurði ráðherrans um mat á umhverfisáhrifum en nægjanlegt að stefna Vegagerð ríkisins og Reykjavíkurborg. Skipulagsstofnun var ekki stefnt þótt hún hefði felld úrskurð í málinu á sínum tíma (H 501/2002). Rétt er að geta þess að Einar Karl ritaði grein um þessi álitamál í 3. tbl. Úlflióts 2005 sem ber heitið *Hvernig er þetta með ríkið?*

Skúli taldi, að því leyti sem dómaframkvæmdin væri skýr, félli hún illa að efnisreglum stjórnýsluréttar. Hann benti á þessu til stuðnings að óæskilegt væri að það stjórnvald, sem tekið hefði hina endanlegu stjórnvaldsákvörðun, ætti ekki aðild að dómsmáli um gildi hennar. Stjórnvaldið gæti eitt búið yfir upplýsingum sem þarft væri að kæmu fram í dómsmálinu. Dæmi væri um að hægt væri að krefjast ógildingar stjórnvaldsákvörðunar án þess að nokkrum opinberum aðila væri stefnt (H 501/2002). Óljóst væri hvort og hvernig niðurstaða í slíku máli gæti bundið stjórnvaldið. Aðild ríkisins í dómsmálum væri nú svo hátt að nauðsyn bæri til þess að setja í lögum um meðferð einkamála ákvæði þar sem skýrt væri kveðið á um málsaðild ríkisins. Skúli gerði grein fyrir hugmyndum sínum að frumvarpi til slíkra breytinga. Í stað þess að rekja þær hér sérstaklega er vísað til greinar sem Skúli skrifaði um þær í 3. tbl. Úlflióts 2005.

Friðgeir Björnsson

TIL SÖLU

GRÁGÁS, prentuð árið 1829.
LÖGFRÆÐINGATAL,
prentað árið 1910.

Upplýsingar í síma 895 1755

Umsagnir laganefndar LMFÍ

Á yfirstandandi löggjafarþingi var lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998 og lögum um meðferð einkamála nr. 91/1991. Helstu breytingar með frumvarpinu eru þær að veita dómstjórum héraðsdómstóla heimild til að fela löglærðum aðstoðarmönnum héraðsdómara að fara með dómstörf að ákveðnu marki. Einnig er meðal annars fjallað um seinkun á birtingu dóma Hæstaréttar Íslands á netinu vegna kærðu á úrskurðum skv. lögum um meðferð opinberra mála (oml.), bann við myndatökum í dómhúsum og fleira.

Breyting á lögum um dómstóla varðandi löglærða aðstoðarmenn

Í 6. gr. frumvarpsins er lögð til breyting á núverandi fyrirkomulagi varðandi löglærða aðstoðarmenn héraðsdómara. Getur dómstjóri, sbr. 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins, falið aðstoðarmanni að annast hvers konar dómsathafnir en þó ekki fara með og leysa að efni til úr einkamálum, þar með töldum ágreiningsmálum um fullnustugerðir eða þinglýsingar, þar sem vörnum er haldið uppi eða opinberum málum frá því að þau koma til aðalmeðferðar.

Virðist sem dómstjóri geti meðal annars falið aðstoðarmanni dómara að annast viðurlagaákvörðun og taka mál til dóms ef brot varðar ekki þyngri refsingu en átta ára fangelsi, sbr. 125. gr. oml. Auk þess er gert ráð fyrir að hægt verði að fela þeim að sinna kröfu um úrskurði skv. 87. gr., sbr. 86. gr., 90. gr., sbr. 89. gr., og 103. gr. oml., en þessi ákvæði eiga það sammerkt að

þau fela í sér takmörkun á mikilsverðum mannréttindum sem varin eru af ákvæðum stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu.

Laganefnd LMFÍ hefur uppi efasemdir um þessa heimild og telur hana of víðtæka. Einnig þurfi að skilgreina nánar hvaða verk það eru sem aðstoðarmönnum er ætlað að sinna.

Bann við myndatökum og öðrum upptökum í dómhúsum

Í 7. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýmæli um bann við myndatökum og öðrum upptökum í dómhúsum. Undanskildar eru upptökur sem eðlilegar eru fyrir rekstur dómstóla. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að færst hafi í vöxt að reynt sé að ná myndum af aðilum og vitnum í dómsmáli þegar þeir sinna erindum sínum í dómhúsum. Einkum eigi það við í opinberum málum.

Hér má ætla að vegist á tvenns konar hagsmunir. Annars vegar hagsmunir aðila dómsmáls, í flestum tilfellum sakborninga, til að geta einbeitt sér að vörn sinni í stað þess að vera sífellt á varðbergi gagnvart fjölmiðlum. Hins vegar eru það hagsmunir fjölmiðla og almennings á að fá óheftan sjón- og hljóðrænan aðgang að dómhúsum og óheftar upplýsingar um gang dómsmála og niðurstöður þeirra. Laganefnd telur að hagsmunir aðila dómsmáls og þeim er því tengjast, svo sem fjölskyldna aðila, vegi þyngra en réttur fjölmiðla til að koma mynd- og talbrotum til almennings.

LÖGMENN Á LÖGMANNSSTOFUM

Um 42% lögmanna starfa á lögmannsstofum með fleiri en fimm lögmönnum og 20% lögmanna eru einyrkjar. Þeir sem hafa unnið lengur en í tíu ár eru flestir sjálfstætt starfandi og helmingur þeirra er með sameiginlegan rekstur ásamt öðrum lögmönnum. 64% lögmanna tekur tímagjald á bilinu 10.000 til 13.900 krónur (án vsk.) en tæplega 20% taka 14.000 til 17.900 kr. Hlutfallslega fleiri lögmenn yfir sextugt eru með 6.000 til 10.000 króna tímagjald en þeir sem yngri eru. Yngri lögmenn telja sig selja út hærra hlutfall af heildarvinnustundum en eldri lögmenn og þeir markaðssetja sig eða lögmannsstofu sína frekar. Yngri lögmenn starfa einnig frekar á lögmannsstofum þar sem tveir eða fleiri lögmenn eru með sameiginlegan rekstur en þeir sem þar starfa selja hlutfallslega út flesta tíma.

Þetta eru niðurstöður könnunar sem Lögmannablaðið lét gera í janúar síðastliðnum meðal lögmanna á lögmannsstofum. Allir lögmenn sem eru starfandi á lögmannsstofum, jafnt eigendur og fulltrúar, samtals 411 að tölu, fengu spurningarnar sendar rafrænt. Tryggt var að svörin væru órekjanleg en áður voru spurningarnar lagðar fyrir Samkeppniseftirlitið. Þetta er í fyrsta skipti sem slík könnun á rekstrarfyrirkomulagi og starfsaðstæðum lögmanna er gerð á Íslandi. Svarhlutfallið var 62,53% sem telst gott og er svipað og í samsvarandi könnunum lögmannafélaganna í Svíþjóð og Noregi.

Af 164 lögmönnum sem starfa á lögmannsstofum þar sem rekstrarfyrirkomulagið er sameiginlegur rekstur eða sameiginlegt skrifstofuhald (regnhlíf) eru 108 á stofum með fimm eða fleiri lögmönnum. Það samsvarar 42% allra lögmanna á lögmannsstofum en 23% þeirra starfa á stórum stofum með tíu eða fleiri lögmönnum. Á litlum lögmannsstofum með tveimur til fjórum lögmönnum er hlutfallið 22%. Fimmti hver lögmaður er svo einyrki án fulltrúa.

Eigendur og fulltrúar

Átta af hverjum tíu lögmönnum á lögmannsstofum eru sjálfstætt starfandi, þ.e. eigendur. Lang flestir þeirra sem hafa starfað lengur en í tíu ár eru eigendur en 35% þeirra sem eru

með innan við fimm ára starfsreynslu. Athygli vekur að hlutfallslega fleiri karlar en konur eru eigendur sem kann að skýrast af því að konur eru hlutfallslega fleiri í yngri aldursflokkum og með styttri starfsaldur.

Þegar rætt er um starfsreynslu er átt við þann tíma sem viðkomandi hefur verið í lögmennsku. Eins og gefur að skilja eru fulltrúar almennt yngri og með minni starfsreynslu en sjálfstætt starfandi lögmenn. Þannig eru fulltrúar 46% þeirra sem eru í aldursþópnum 25-39 ára og 63% þeirra eru með innan við 5 ára starfsreynslu. Þar sem ekki hefur áður verið gerð könnun sem þessi eru samanburðartölur ekki fyrir hendi. Þó má sjá á félagatali að hlutfall fulltrúa hækkaði úr 10% af heildarfjölda félagsmanna árið 2002 í 14% árið 2007. Á sama tíma fækkaði sjálfstætt starfandi lögmönnum, þ.e. eigendum, úr 56% í 46% félagsmanna. Þróunin virðist því vera sú að um leið og lögmannsstofur stækka þá fjölgi fulltrúum en það er svipuð þróun og á sér stað í Noregi og Danmörku. Í Noregi eru 3% norskra lögmannsstofa stórar með tíu eða fleiri lögmenn en þar starfa hins vegar rúmlega 40% allra norskra lögmanna.

Rekstrarfyrirkomulag lögmannsstofa

Síðustu ár hafa lögmannsstofur stækkað og lögmenn sameinað rekstur sinn.

Spurningarnar

Lögmenn voru spurðir um hvort þeir væru sjálfstætt starfandi eða fulltrúar, hve lengi þeir hefðu starfað sem lögmenn og um aldur og kyn. Einnig hvort þeir störfuðu á stofu þar sem lögmenn væru með sameiginlegan rekstur, með sameiginlegt skrifstofuhald eða einyrkjar.


Spurt var um stærð stofunnar og almennt um sérhæfingu. Á sama hátt var spurt um það hvort lögmannsstofan markaðssetti sig gagnvart ákveðnum markhópum.

Spurt var um gjald fyrir útseldan tíma án vsk, um vinnutíma á viku og hlutfall útseldra tíma af heildarvinnutíma.

Eins var spurt um hvort þóknun væri reiknuð á grundvelli hagsmuna og þá helst í hvaða málaflokkum að frátöldum innheimtum.

Samkvæmt könnuninni er þó ákveðinn kynslóðamunur þar sem eldri lögmenn og þeir sem eru með meiri starfsreynslu starfa frekar sem einyrkjar heldur en yngri lögmenn.

Rúmur helmingur svarenda starfar á lögmannsstofu þar sem tveir eða fleiri



Þóknun lögmanna ræðst meðal annars af verkefnum og hagsmunum.

lögmenn eru með sameiginlegan rekstur. Yngri lögmenn og lögmenn með starfsreynslu undir fimm árum eru oftast á slíkum stofum. Þá starfa 7% lögmanna á lögmennsstofum þar sem er einn eigandi með einn eða fleiri fulltrúa í starfi. 36% lögmanna eru einyrkjar eða starfa fyrir eigin reikning með sameiginlegt skrifstofuhald (regnhlíf). Hlutfallslega færri konur starfa sem einyrkjar en þær eru færri í efri aldurshópnum þar sem einyrkjafyrirkomulagið er algengast. Einyrkjarnir, einir út af fyrir sig, eru 22% lögmanna en hlutfallið í hópi lögmanna sem eru 60 ára eða eldri er 47%. Tæplega 5% svarenda skilgreindu sig sem „annað“ en flestir þeirra voru einyrkjar, ýmist með fulltrúa eða í sameiginlegum rekstri. Flestir þeirra eru yfir fimm-tugt.

til 17.900 krónur. Tæplega 8% lögmanna taka tímagjald á bilinu 8.000 til 9.900 krónur og 2% lögmanna taka á bilinu 6.000 til 7.900 krónur. Athyglisvert er að yngstu lögmennirnir og þeir sem eru með minnstu starfsreynsluna eru ekki í hópi þeirra sem taka lægsta tímagjaldið en þeir starfa hlutfallslega flestir á stóru stofunum.


Hlutfallslega fleiri konur eru með tímagjald á bilinu 10.000 til 13.900 heldur en karlar og átta af hverjum tíu lögmönnum með innan við fimm ára starfsreynslu eru einnig í þeim hópi. Hafa þarf í huga að konur eru hlutfallslega fleiri en karlar í hópi yngri lögmanna. Aldurshópurinn 60 ára og eldri sker sig úr. Tæplega 12% lögmanna á þeim aldri er með tímagjald á bilinu 6.000 til 7.900 krónur og þeir eru flestir einyrkjar. Þá eru 15% þessa


aldurshóps með tímagjald á bilinu 8.000 til 9.900 krónur.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í athugasemdum einstakra lögmanna ræðst þóknun þeirra m.a. af verkefnum, hagsmunum og hvort unnið er fyrir erlenda viðskiptavinum. Ekki var spurt sérstaklega um samkeppni eða aðrar markaðsaðstæður en slík sjónarmið ættu að hafa áhrif á verðlagninguna. Ekki var heldur spurt um tegund þjónustu. Samsvarandi kannanir í Noregi og Svíþjóð sýna að þóknun fyrir ráðgjöf við fyrirtæki er almennt hærri en þegar unnið er fyrir einstaklinga enda oftast um sérfræðiráðgjöf að ræða. Að tekið sé hærra gjald af erlendum viðskiptavinum er sagt ráðast af markaðsástæðum og því að slík þjónusta sé á margan hátt flóknari. Þar kemur einnig fram

Þóknun lögmanna

Verð á útseldum tíma án virðisaukaskatts hjá lögmönnum er á bilinu 6.000 til 20.000 krónur þótt dæmi séu um hærra gjald. Flestir lögmenn, eða 64%, taka á milli 10.000 til 13.900 krónur á tímann en 20% taka á bilinu 14.000





Helmingur lögmanna vinnur 40 til 50 tíma á viku.

að rekstrarkostnaður lögmansstofa er mjög misjafn og mestur á stóru stofnunum sem eru í fyrirtækjaráðgjöf.

Hlutfall útseldra tíma

Spurt var í könnuninni hvert hlutfall útseldra tíma væri af heildarvinnustundum. 26% lögmanna telur það að jafnaði vera 80-100% en 37% teljur hlutfallið vera 60-80%. Aðrir nefna lægra hlutfall. Það mætti ætla að yngri lögmenn gætu að jafnaði selt út færri tíma en reynslumeiri lögmenn þar sem þeir þyrftu að lesa sig meira til og það væri tími sem þeir gætu ekki rukkað skjólstæðinga fyrir. Það kemur hins vegar í ljós að þeir lögmenn sem eru með minni starfsreynslu telja sig selja út fleiri tíma en þeir sem lengri starfsreynslu hafa. Það er einnig áhugavert að sjá að konur telja sig selja út fleiri tíma en karlar.

Hagsmunatengd þóknun

41% lögmanna taka hagsmunatengda þóknun í einhverjum málaflokkum en í könnuninni voru innheimtur undanskildar. Eldri lögmenn og þeir sem hafa yfir 20 ára starfsreynslu eru greinilega meira í því að taka hagsmunatengda þóknun heldur en yngri lögmenn. Helstu málaflokkar sem lögmenn taka hagsmunatengda þóknun í eru bótamál og fasteignaviðskipti.

Markaðssetning og sérhæfing

Minni hluti lögmanna markaðssetur sig eða lögmansstofu sína gagnvart ákveðnum markhópum. Yngri lögmenn með minni starfsreynslu huga mun meira að markaðssetningu enda má draga þá ályktun að þeir séu síður komnir með fastan hóp viðskiptavina en þeir sem eru eldri og reynslumeiri. Á

meðan 60% þeirra sem eru með innan við fimm ára starfsreynslu markaðssetja sig gera það einungis 24% þeirra sem eru með yfir 20 ára starfsreynslu.


Könnunin sýnir að meiri hluti lögmanna sérhæfir sig í ákveðnum málaflokkum, eða 66%. 82% kvenna sérhæfa sig en 50% karla en þær stunda einnig meiri markaðssetningu.


Vinnutími lögmanna

Helmingur lögmanna á lögmansstofum vinnur 40 til 50 tíma vinnuviku en þrír af hverjum tíu vinna meira en 50 tíma á viku. Lögmenn sem eru yngri en 50 ára og fleiri karlar en konur vinna mikið. Lögmenn sem eru 60 ára eða eldri skera sig úr þar sem þeir eru greinilega margir hverjir byrjaðir að draga talsvert úr vinnu. Um það bil níu af tíu lögmönnum yngri en 40 ára vinna meira en 40 tíma á viku.


Aldursdreifing og starfsaldur

Fjórir af hverjum tíu lögmönnum eru á aldrinum 25-39 ára og tæplega þrír af hverjum tíu eru 40-49 ára. Konurnar





Nálægt helmingur svarenda er með styttri en 10 ára starfsaldur.



eru mun yngri en rúmur helmingur þeirra eru undir fertugu á meðan þriðjungur karla er á þeim aldri. Mjög fáar konur eru aftur á móti í aldurshópnum 60 ára og eldri. Aldursdreifingin endurspeglar einnig í starfsaldri lögmanna. Nálægt helmingur svarenda er með 10 ára eða styttri starfsaldur og nálægt þrjú af hverjum 10 yfir 20 ára starfsreynslu. Starfsaldur kvennanna er einnig styttri en karlanna. Þetta endurspeglar fjölgun kvenna sem lokið hafa laganámi. Á árunum 2001 til 2005 útskrifuðust svo dæmis sé tekið 210 lögfræðingar með embættistíð frá Háskóla Íslands. Af þeim voru 113 konur eða 53,8%. Konur voru 23,3% þeirra sem svöruðu könnuninni en það hlutfall svarar til hlutfalls kvenna í LMFÍ.

Kannanir sænsku og norsku lögmannafélaganna


Samsvarandi kannanir hafa verið gerðar með nokkurra ára millibili í Noregi og Svíþjóð en þær eru þó mun ítarlegri en könnun Lögmannaþingsins. Þar


er einnig spurt um heildarveltu lögmanna, kostnað, námskeiðssókn lögmanna, tölvuvæðingu, samkeppni og fleira.

Samkvæmt sænskri lögmannaönnun frá 2003 er þriðjungur lögmanna einyrkjar og næstum helmingur allra sænskra lögmanna starfar á mjög litlum lögmannastofum þar sem eru í mesta lagi þrjú lögmenn. Nokkru fleiri starfa hins vegar á stóru stofunum með tíu eða fleiri lögmenn en á svokölluðum meðalstórum stofum. Þetta er í meginatriðum ekki ólíkt því sem er hér á landi nema hvað einyrkjarnir eru heldur fleiri í Svíþjóð. Þar starfa líka fleiri á litlum stofum en hér á landi. Þróunin er þó sú sama að fleiri lögmenn eru á stórum stofum en þeim sem teljast meðalstórar. Sex af hvejum tíu lögmönnum þjóna aðallega fyrirtækjum. Launþegum í lögmannaátt eða þeim sem við myndum kalla fulltrúa, fer fjölgandi.

Styttri vinnutími og hærrí tekjur

Það vekur athygli að sænska könnunin sýnir að miðgildi vinnutíma lögmanna á ársgrundvelli hefur farið úr 1621 klst. í 1552 klst. frá árinu 2000. Á sama tíma varð veruleg veltuaukning hjá stofunum. Lögmenn gerðu að meðaltali reikninga fyrir 1,8 milljónum sænskra króna á árinu 2003. Framtaldar tekjur hækkuðu einnig þótt rekstrarkostnaður ykist til muna. Meðalkostnaður á mánuði á lögmann var 48.000 sænskar krónur fyrir utan laun og launatengd gjöld og þrefalt hærri á stóru stofunum en hjá einyrkjunum. Það vekur einnig athygli að sænskir lögmenn selja að meðaltali út 65% vinnustunda sinna sem er lægra hlutfall en hér á landi. Þá sýnir könnunin að sænskir lögmenn eru almennt óduglegri að sækja námskeið og aðra endurmenntun en sambærilegar stéttir þar í landi með undantekningu að því er varðar stóru stofurnar.





Fáar stórar stofur en með mjög marga lögmennt í Noregi

Könnun af þessu tagi var gerð í Noregi 2004 og endurtekin 2006. Þrjár af hverjum fjórum lögmannsstofum eru reknar sem einstaklingsfyrirtæki og þar starfar þriðjungur lögmannt. Tveir þriðju þessara stofa hefur sameiginlegt skrifstofuhald (regnhlíf) með öðrum.

Aðeins 3% norskra lögmannsstofa eru með tíu eða fleiri lögmonntum en þar starfa hins vegar meira en 40% allra norskra lögmannt. Þróunin mun vera svipuð að þessu leyti í Danmörku.

Árið 2005 voru meðaltekjur allra lögmannt og fulltrúa 948.600 norskar krónur. Lögmaður í fyrirtækjaþjónustu hafði að meðaltali 1.146.000 norskar krónur í árstekjur sem var 67% herra

en hjá lögmonntum sem veittu aðallega einstaklingum þjónustu sem skýrist af herra verði útseldrar vinnu í fyrirtækjaþjónustu. Meðalverð útseldra tíma var 1.060 norskar krónur án virðisaukaskatts. Verðið er mismunandi eftir landshlutum og stærð fyrirtækja. Erlendir viðskiptavinir greiða einnig að jafnaði herra gjald.

Hlutfall kvenna meðal lögmannt í Noregi er 27%. Helmingur þeirra eru fulltrúar en aðeins 12% meðeigendur. Meðalaldur þeirra lögmannt sem svöruðu könnuninni var rúmlega 45 ár hjá körlum og 39 ár hjá konum. Norskir lögmennt vinna að meðaltali 42 klst. á viku, karlar meira en konur. Fjórdungur karla vinnur meira en 50 klst. á viku og einn af hverjum tíu meira en 53 klst. Samsvarandi tölur fyrir konur eru 44 klst. og 49 klst.

Hlutfall útseldra tíma er herra í stóru fyrirtækjunum, allt að 75% á stofum með 50 lögmennt, en 60% hjá einyrkjum sem getur skýrst af því að þeir þurfi frekar að sjá um skrifstofuvinnuna.

Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar á ensku, norðurlandamál, frönsku, þýsku og rússnesku (niú þýðendur og túlkar).
Dóm og skýrslutökutúlkun.

Ellen Ingvadóttir

Löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi.
Laugavegi 163a · sími: 562-6588
bréfsími: 562-6551 · GSM: 897-2717
netfang: ellening@simnet.is



Helgi Jóhannesson hrl.

Á dögnum breytti Morgunblaðið út af venju sinni og birti með eldgosafyrirsögn á forsíðu umfjöllun um mildun Hæstaréttar á dómi héraðsdóms í ákveðnu kynferðisbrotamáli. Það sem var enn óvenjulegra, var að myndir af þeim dómurum sem kváðu upp dóminn voru einnig birtar á forsíðunni. Það er afar mikilvægt fyrir hlutleysi dómstóla að persónur dómendanna sjálfra séu ekki til umfjöllunar í fjölmiðlum með þessum hætti. Það dregur úr slagkrafti eðlilegrar og gagnrýnnar lögfræðilegar umræðu um niðurstöðu dómstóla og beinir kastljósinu í aðrar áttir. Taka verður tillit til þess að dómurum verður ekki vikið úr starfi nema með dómi. Það hefur engan heilbrigðan tilgang að freista þess að ýfa upp almenningsálitið gegn persónum dómendanna með þeim hætti sem gert var í

umrætt sinn. Umræða um persónur dómendanna eiga heima á þeim tímapunkti þegar verið er að velja þá til starfa en ekki síðar. Eftir það eru það dómstólararnir sem stofnanir sem tjá sig í dómsniðurstöðum sínum en ekki á persónulegum forsendum dómendanna sjálfra.

Nýlega hefur einnig verið umfjöllun um nafnlaust bréf um íslenskt réttarfar og dómstóla. Allir fjölmiðlar landsins hafa fallið í þá gryfju að fjalla of mikið um bréfið og gera því of hátt undir höfði. Eins mikilvæg og opinská umræða um þau mál sem tæpt var á í bréfinu er, þá á ekki að virða nafnlaus bréf með öðrum hætti en t.d. nafnlaus sjónarmið á bloggsíðum eða í ómerktum dreifiritum.

Nýjar viðmiðunarreglur fyrir héraðsdómstólana

Samkvæmt tilkynningu Dómstólaráðs nr. 2/2006, tóku nýjar viðmiðunarreglur fyrir héraðsdómstólana gildi 1. janúar sl. Samkvæmt þessum reglum er tímagjald lögmannna fyrir verjenda- og réttargæslustörf hækkuð úr kr. 8.800,- í kr. 10.400,- auk vsk. Jafnframt er lágmarksgjald fyrir útkall hækkað úr kr. 27.000,- í kr. 32.000,- auk vsk. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar í handbók lögmannna á heimasíðu Lögmannafélags Íslands, á slóðinni www.lmfi.is



Elín Blöndal, dósent,
forstöðumaður Rannsóknaseturs vinnuréttar
og jafnréttismála


Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála

Rannsóknasetur vinnuréttar og jafnréttismála við Háskólann á Bifröst var stofnsetur í maí 2005 með samstarfs-samningi milli Háskólans og Félagsmálaráðuneytisins. Markmið setursins eru einkum að efla kennslu, rannsóknir og ráðgjöf á sviði vinnuréttar og jafnréttismála á vinnumarkaði og styrkja þannig stefnumótun á þeim sviðum.

Rannsóknasetrið hefur unnið að fjölmörgum verkefnum, m.a. samningu lagafrumvarpa og greinargerða og staðið fyrir málþingum um ýmis efni á sviði vinnuréttar. Á síðasta ári voru hjá setrinu samin drög að tveimur frumvörpum fyrir félagsmálaráðuneytið. Fyrri frumvarpið fjallar um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum, sbr. lög nr. 151/2006. Er þar mælt fyrir um rétt fulltrúa starfsmanna til þátttöku í undirbúningi að ákvarðanatöku í fyrirtækjum. Slíkt fyrirkomulag er nýmæli hér á landi þar sem ekki hefur verið hefð fyrir slíku í fyrirtækjum líkt og í nágrannaríkjunum. Seinna frumvarpið fjallar um aðild starfsmanna að evrópskum samvinnufélögum sem einnig mælir fyrir um þátttökurétt starfsmanna.

Launajafnréttismál voru ofarlega á baugi árið 2006 og stóð setrið fyrir

tveimur málþingum um það efni. Hið fyrra fjallaði um markaðslaun og launajafnrétti þar sem norrænir sérfræðingar ræddu um efnið út frá sjónarhorni lögfræðinnar annars vegar og



hagfræðinnar hins vegar. Síðara málþingið hélt Rannsóknasetrið í samvinnu við Félagsmálaráðuneytið og var kynnt niðurstaða skýrslu Capacent um launamun kynjanna. Fulltrúar úr atvinnulífinu tóku þátt í umræðum um málefnið.

Rannsóknasetrið stendur fyrir verkefnum „Jafnréttiskennitala fyrirtækjanna“ en aðild að því eiga viðskiptaráðuneytið, Samtök atvinnulífsins, Félag kvenna í atvinnurekstri, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa. Um er að ræða tveggja ára þróunarverkefni og á grundvelli þess birtir Rannsóknasetrið árlega upplýsingar um stöðu jafnréttis í 100 stærstu fyrirtækjunum á Íslandi. Fyrstu upplýsingarnar voru birtar í maí 2005 og stefnt er að birtingu upplýsinga fyrir árið 2006 nú í vor.

Meðal þess sem er framundan á árinu 2007 er Vinnuréttardagur Háskólans á Bifröst sem haldinn verður 4. maí. Þar munu innlendir sérfræðingar koma saman til að velta vöngum yfir ýmsum álitaefnum á sviði vinnuréttar. Er stefnt að því að Vinnuréttardagurinn verði árlegur viðburður hér eftir.

Framundan eru ýmis áhugaverð verkefni hjá Rannsóknasetrinu sem tengjast meðal annars Háskólanum á Bifröst og verkefnum þar. Fyrir áhugasama er bent á heimasíðu þar sem frekari upplýsingar koma fram um Rannsóknasetrið og starfsemi þess: www.rvj.bifrost.is

Af vettvangi félagsins

Leiðbeinandi reglur fyrir lögmenn um varnir gegn peningabætti

Lögmannafélag Íslands hefur útbúið leiðbeinandi reglur fyrir lögmenn um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverkastarfsemi. Markmið þeirra er að koma í veg fyrir að þjónusta lögmanna eða lögmannsstofa verði notuð til að þvætta fjármuni eða fjármagna hryðjuverkastarfsemi. Reglunum er ætlað að endurspegla þau lágmarksviðmið sem Lögmannafélag Íslands telur að félagsmenn ættu að hafa í starfsemi sinni á grundvelli gildandi laga og tilmæla. Leiðbeiningarreglurnar voru sendar félagsmönnum í tölvupósti í byrjun mars s.l.. Þær er einnig að finna í handbók lögmanna á heimasíðu félagsins.

Virðisaukaskattskyld þjónusta banka, sparisjóða og annarra fjármálafyrirtækja.

Í byrjun árs sendi stjórn Lögmannafélagsins bréf til ríkisskattstjóra, þar sem vakin er athygli á vaxandi þjónustu banka, sparisjóða og annarra fjármálastofnana, sem ekki verð-

ur talin falla undir undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr. virðisaukaskattslaga nr. 50/1998, en fyrirtækin greiða hins vegar ekki virðisaukaskatt af.

Í bréfinu bendir stjórn félagsins á að enda þótt umrætt undanþáguákvæði sé nokkuð opið og almennt orðað, komi skýrt fram í greinargerð með frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 50/1988, að undir það falli einungis eiginleg banka- og lánastarfsemi. Vísað er til þess að starfsemi og starfs-umhverfi banka, sparisjóða og annarra fjármálafyrirtækja hafi gjörbreyt á undanförunum misserum og árum. Þessi fyrirtæki, sem áður hafi nær eingöngu stundað inn- og útlánastarfsemi hér á landi, reki nú mörg hver fjölpætta fjármálaþjónustu hérlandis og erlendis, þar sem viðskiptavinum er boðið upp á margháttaða þjónustu, allt frá einfaldri lánastarfsemi upp í heildarfjármögnun og ráðgjöf við stofnun, kaup, yfirtöku eða sameiningu fyrirtækja. Einnig hafi bankar í auknu mæli boðið upp á skatta- og tryggingaráðgjöf o.fl.

Bent er á að samhliða framangreindri þróun hafi háskólamenntuðum sérfræðingum hjá fjármálafyrirtækjum fjölgað gífurlega. Þessi fjölgun nái m.a.

til lögmanna og annarra lögfræðinga, sem sinni bæði störfum er tengjast eiginlegri banka- og lánastarfsemi en einnig og í vaxandi mæli þjónustu sem ekki getur talist falla undir slíka starfsemi fjármálafyrirtækjanna.

Stjórn félagsins bendir á að með þessu sé samkeppnisstaða sjálfstætt starfandi sérfræðinga, sem hafa atvinnu af slíkri ráðgjöf og/eða þjónustu, skert verulega. Þeir þurfi að leggja virðisaukaskatt ofan á þá þjónustu sem þeir selja en ekki fjármálafyrirtækin sem þó stunda sömu starfsemi í samkeppni við lögmenn. Þar sem ljóst er að framangreind þjónusta sérfræðinga fjármálafyrirtækjanna fellur ekki undir eiginlega banka- og lánastarfsemi í skilningi virðisaukaskattslaganna, hlýtur hún að vera virðisaukaskattskyld. Sú skylda hvíli á skattayfirvöldum að sjá til þess að þeir aðilar sem eru virðisaukaskattskyldir samkvæmt íslenskum lögum, standi skil á þeim skatti í ríkissjóð. Því sé eðlilegt að embætti ríkisskattstjóra geri úttekt á umfangi þeirrar þjónustu fjármálafyrirtækjanna sem ekki fellur undir undanþáguákvæði 3. mgr. 2. gr. virðisaukaskattslaganna og sjá til þess að þessi þjónusta verði skattlögð til jafns við það sem gerist



METNAÐARFULLT OG NÚTÍMALEGT LAGANÁM

NÝJAR ÁHERSLUR - MARKVISST NÁM - MEIRI MÖGULEIKAR

- 3ja ára grunnám til BA gráðu (90 ein.)
- 2ja ára framhaldsnám til meistaraþráðu (60 ein.)

Fullnaðarpróf í lögfræði



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is

hjá öðrum sem slíka þjónustu veita, þannig að fulls jafnræðis sé gætt.

Skoðanakannanir – notkun

Lögmannablaðið stóð nýlega fyrir umfangsmikilli skoðanakönnun á störfum og starfsumhverfi sjálfstætt starfandi lögmannna og fulltrúa á lögmannsstofum. Til stendur að gera sambærilega könnun á starfsumhverfi innanhússlögmannna á næstu misserum en stjórn Lögmannafélagsins sér mikla möguleika fölgna í könnunum sem þessum, m.a. í tengslum við skipulagningu á þjónustu félagsins við félagsmenn.

Fundur með fulltrúum Hæstaréttar

Nýlega áttu fulltrúar Lögmannafélagsins fund með fulltrúum Hæstaréttar Íslands þar sem farið var yfir ákvarðanir réttarins um þóknun í gjafsóknarmálum og fyrir verjenda- og réttargæslustörf. Einnig voru ræddar nýjar viðmiðunarreglur sem settar hafa verið fyrir héraðsdómstóla og fjallað um umsögn laganefndar Lögmannafélagsins um frumvarp til laga um meðferð sakamála. Þá var rætt um niðurstöðu skýrslu Dómsmálaráðuneytisins um málskostnað í opinberum málum og opinbera réttaraðstoð, viðbrögð félagsins við henni svo og umfjöllun fjölmiðla um dómsmál, dómstóla og þá sem þar starfa. Markmiðið er að halda slíka samráðsfundi reglulega, líkt og gert er með Dómsmálaráði, Dómarafélagi Íslands og Dómsmálaráðuneyti.

Áframhaldandi samstarf við lagadeild Háskólans í Reykjavík um fundi og málþing

Í ljósi góðrar reynslu af samstarfi Lögmannafélagsins við lagadeild Háskólans í Reykjavík um fræðafundi og ráðstefnur á sviði lögfræði, hefur stjórn félagsins ákveðið að halda því samstarfi áfram á þessu ári. Á síðasta ári voru haldnir 17 fundir, málþing og ráðstefnur á grundvelli þessa samstarfs og má gera ráð fyrir að svipaður fjöldi viðburða verði á þessu ári.

Fundur með dómismálaráðherra

Fulltrúar Lögmannafélagsins áttu fund með dómismálaráðherra í desember s.l.. Meðal annars var farið yfir skýrslu nefndar um málskostnað í opinberum málum og opinbera réttaraðstoð og álitagerð sérstakrar nefndar félagsins af því tilefni. Einnig var farið yfir forsendur fjárlaga við mat á útgjöldum til opinberrar réttaraðstoðar og til greiðslu málskostnaðar í opinberum málum, nýja löggjöf um meðferð sakamála, sem verið er að vinna að og laganefnd félagsins hefur skilað umsögn um. Rætt var um nauðsyn þess að breyta lögum um gjafsókn í samræmi við ályktun síðasta aðalfundar félagsins. Loks var rætt um breytingar á framkvæmd námskeiða til öflunar málflutningsréttinda fyrir héraðsdómi í þá átt að opna fyrir upptökupróf.

Umsögn um drög að frv. um meðferð sakamála

Laganefnd Lögmannafélagsins skilaði fyrir skemmstu umsögn um drög að frumvarpi til laga um meðferð sakamála. Auk almennra athugasemda við frumvarpsdrögin gerði nefndin sérstaklega athugasemdir við ákvæði 38. gr. þar sem fjallað er um ákvörðun þóknunar til verjenda. Umsögn nefndarinnar er í raun samhljóða ákvæði 44. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Á það er bent að dómstólar hafi á liðnum árum túlkað 44. gr. með þeim hætti að þóknun verjenda skuli ákveðin við lok meðferðar máls, þ.e. með dómi eða þegar mál er felld niður. Hafi verjandi jafnframt verið verjandi á rannsóknarstigi hefur þóknun vegna þeirrar vinnu verið ákveðin í einu lagi við uppkvaðningu dóms í málinu. Reynslan sýni að rannsókn og meðferð stærri mála kann að dragast á langinn og mörg dæmi eru um að rannsókn og meðferð mála hafi staðið árum saman. Við þær aðstæður er óviðunandi fyrir lögmennt að þurfa að una því að þóknun þeirra sé ákveðin við lok meðferðar máls fyrir dómi. Eðlilegt sé að lögmennt geti sett fram kröfu um að þeim verði ákvörðuð þóknun á meðan á rannsókn máls stendur. Þá kemur enn

fremur fram í umsögn nefndarinnar að Dómsmálaráð hafi samið sérstakar viðmiðunarreglur um þóknun verjenda þar sem tímagjald verjenda er meðal annars ákvarðað. Margir verjendur leggi metnað sinn í að halda nákvæma tímaskrá, sem þeir svo framvísa við aðalmeðferð máls, þannig að dómari geti byggt ákvörðun sína um málsvarnarlaun á traustum grunni. Mörg dæmi eru hins vegar um að dómendur hafi algerlega horft framhjá ítarlegum og vönduðum tímaskýrslum verjenda við ákvörðun málsvarnarlauna þeim til handa, án nokkurs rökstuðnings. Það sé því afstaða laganefndar LMFÍ og lögmannna almennt að tryggja verði með lögum, að dómara taki mið af tímaskráningu verjenda, svo fremi sem hún geti að þeirra mati talist eðlileg, en rökstyðji að öðrum kosti niðurstöðu sína um að víkja þar frá. Sams konar athugasemd er gerð við ákvæði 48. gr. frumvarpsdraganna þar sem fjallað er um ákvörðun þóknunar skipaðs réttargæslumanns.

Bókun stjórnar Lögmannafélags Íslands vegna myndbirtingar af hæstaréttardómurum.

Eftirfarandi bókun var samþykkt á fundi stjórnar Lögmannafélags Íslands miðvikudaginn 7. febrúar 2007 í tilefni af forsíðuumfjöllun Morgunblaðsins um dóm Hæstaréttar Íslands í máli nr. 329/2006.

„Stjórn Lögmannafélags Íslands hvarmar myndbirtingu Morgunblaðsins af fimm hæstaréttardómurum á forsíðu blaðsins þann 2. febrúar s.l. í tengslum við frétt um að dómurinn hefði mildað refsingu í sakamáli sem dómur gekk í deginum áður. Stjórn Lögmannafélagsins tekur sérstaklega fram að öflug og opin umræða um niðurstöður dómstóla sé afar mikilvæg í hverju réttarríki og hana beri að efla. Stjórnin telur hins vegar fráleitt að draga dómara réttarins persónulega fram í umræðuna með þeim hætti, sem gert var enda er það mikilvæg forsenda fyrir hlutleysi dómstóla að niðurstöður þeirra séu ekki tengdar við persónur dómendanna sjálfra.“

SKÁKMÓT LMFÍ 2007

Skákmót Lögmannafélagsins var haldið föstudaginn 19. janúar í húsnæði félagsins. Um var að ræða tilraun til að endurvekja skákmót félagsins sem var haldið árlega til ársins 1994. Ekki var húsfyllir að þessu sinni en sex lögmenn mættu og höfðu gaman af. Þar á meðal Jóhann Hjartarson, stórmeistari, sem kom, sá og sigraði með fullu húsi. Næstur í röðinni kom Björgvin Jónsson og í þriðja sæti var Árni Ármann Árnason. Á hæla þeirra komu gamlir reynsluboltar úr skákinni sem voru þeir Jón Briem, Kristján Stefánsson og Tryggvi Þórhallsson.

Boðið var upp á léttar veitingar. Þetta var hin besta kvöldskemmtun og ríkti sönn skákgleði.

Stefnt er að því að gera mótið aftur að árvissum viðburði enda fjöldinn



allur af skákmönnum í félaginu sem myndu tvímælalaust hafa gaman af því að hitta kollegana eina kvöldstund og tefla nokkrar léttar hraðskákir.

*Árni Ármann
skákaformaður LMFÍ*

Boðið var upp á „léttar“ veitingar að hætti hússins. Skákmeistarar gera sig tilbúna í slaginn, f.v. Jón Briem, Kristján Stefánsson, Tryggvi Þórhallsson, Árni Ármann Árnason, Björgvin Jónsson og Ríkharður Sveinsson mótsstjóri. Á myndina vantar sigurvegarann, Jóhann Hjartarson.

Upplýst ákvörðun öruggari viðskipti

PIPAR • SIA • 70504

Lánstraust er framsækið og leiðandi fyrirtæki í miðlun fjárhags- og viðskiptaupplýsinga.

Lögmenn sem nýta sér þjónustu Lánstrausts hafa aðgang að upplýsingum úr:

Dómasafni allt frá árinu 1946	Ökutækjaskrá/kennitöluleit
Uppboðsvakt /framhaldsuppboðum	Vanskilaskrá
Veðbandayfirliti	Fyrirtækjaskrá o.fl.
Þjóðskrá/kennitöluleit	

Lögmenn hafa heimild til að skrá mál á vanskilaskrá Lánstrausts, sem getur um leið bætt innheimtuárangur.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.LT.IS
OG HJÁ FYRIRTÆKJARÁÐGJÖFUM LÁNSTRAUSTS.**

L Á N S T R A U S T H F.

F O R V A R N I R Í F J Á R M Á L U M

Brautarholti 10-14, 105 Reykjavík • Sími: 550 9600 • LT@LT.IS • WWW.LT.IS





Eyrún Ingadóttir

Árshátíð

Undanfarið hefur undirbúningur árshátíðar LMFÍ staðið yfir en svarfdælsku hetjurnar í skemmtisveitinni „Hundur í óskilum“ munu bregða sér ríðandi yfir Helju og Héraðsvötn, í gegnum Þverárdal, Línakradal og Laxárdal, með viðkomu á Eiríksstöðum í Dölum. Þeir munu enda í Reykjavíkurbreppi og skemmta lögmönnum og fylgdarliði þeirra í Lídó sem er staðsett í Þingholtunum en ekki í París. Hljómsveitin Sixties leikur fyrir dansi.

Á síðustu árshátíð mætti Mördur lögmaður og hlaut ómælda athygli „veikara kynsins“ enda sjarmatröll mikið. Enn er ekki vitað hvort hann ætlar að mæta nú en síðast sást til hans á skákmóti LMFÍ sem var endurvakið af Þyrnirósarsvefni frá því á ofanverðri síðustu öld.

Námskeið vorannar

Eins og venjulega hafa námskeið vorannar gengið vel fyrir sig. Félagsdeild auglýsti sjö námskeið en búið er að fresta námskeiði um Höfundarétt til hausts. Það stóð til að hefja önnina með námskeiðinu *Ný lög um peningabvætti* en því var frestað um sinn. Námskeiðið *Áfrýjun og flutningur einkamáls fyrir Hæstarétti* var afar vel sótt en 30 manns fóru á það.

Eyjafjallajökull

Aðsókn í ferð félagsdeildar á Eyjafjallajökul er gríðarlega góð en stefnt er að því að fara í byrjun júní. Hópurinn hefur nú þegar hafið æfingar og gengið einu sinni upp á Esju. Það er Haraldur Örn Ólafsson lögfræðingur sem ætlar að leiða hópinn örugglega yfir sprunginn jökulinn.

Miðlarinn

Á heimasíðu LMFÍ hefur verið opnað upplýsingatorg fyrir lögmenn þar sem þeir geta auglýst skrifstofuhúsnæði til leigu/óskast eða ef þeir óska eftir fulltrúum til starfa.

Þjónustan er veitt undir tenglinum *Fyrir lögmenn* en þar eru einnig upplýsingar um félagsdeild, Lögmannalista, Félag kvenna í lögmennsku og fleira.

Heimsóknir á heimasíðu LMFÍ

Heimsíða LMFÍ var endurnýjuð á síðasta ári og óhætt er að segja að árangurinn sé glæsilegur. Samkvæmt mælingu heimsóttu 21.119 heimasíðuna í janúar sem er met en þess má geta að í janúar 2006 voru heimsóknirnar 9.500. Til samanburðar heimsóttu rúmlega 17.000 heimasíðu VR í janúar sl. sem er með tugi þúsunda félaga. Það er mjög algengt að þegar nafn lögmanns er slegið upp á leitarvél internetsins þá komi upp skráning hans á Lögmannalistanum. Mennt eru hvattir til að slá upp nöfn sín og sjá hvaða upplýsingar koma.



Æfingagöngur á Esjuna eru þegar byrjaðar. Ánægður hópur hjá hinum fræga steini sem markmiðið er að ganga að á einni klukkustund. F.v. Eyrún Ingadóttir, Bergþóra Ingólfssdóttir, Lára V. Júlíusdóttir og Benedikt Ólafsson.

Af Merði lögmanni

Mörður er í mikilli andlegri krísu um þessar mundir eins og aðrir framsóknarmenn. Hann er nefnilega búinn að finna það út að hann er illa haldinn af margvíslegum sjúkdómum og þar af eru sumir banvænir.

Til að mynda finnst Merði brennivín gott en það telst sjúkdómur. Mörður er einnig vel yfir kjörþyngd og því offitusjúklingur. Merði finnst auk þess gaman að horfa á berrassaðar stelpur og telst því klámfikill. Sá sjúkdómur er að vísu í rénum með aldrinum og auknu náttúruleysi. Þá er Mörður mikill spilasjúklingur. Hann á miða í öllum stóru happdrættunum, spilar í getraunum og lottói. Hann á það líka til að henda klinki í spilakassa í eigu Rauða krossins og Háskóla Íslands sem mun vera merki þess að sjúkdómurinn sé á lokastigi. Mörður er hins vegar laus við þann sjúkdóm sem er nánast orðinn að faraldri og kallast kaupæði enda virðist sá sjúkdómur eingöngu leggjast á kvenfólk.

Merði finnst hann mæta verulegu skilningsleysi í samfélaginu vegna veikinda sinna og finnst stjórnvöld gera lítið sem ekkert til að hefta útbreiðslu á þessum sjúkdómum og gott ef það er ekki þeim að kenna að fólk eins og Mörður sýkist. Nú hefur Mörður hins vegar ákveðið að skera upp herör gegn þessum veikindum sem herja á hann og annan landsljóð og leggur fram tillögur um hvernig koma má alfarið í veg fyrir útbreiðslu þeirra. Jafnframt skorar Mörður á eitthvað af þessum nýju stjórnmálahreyfingum sem bjóða fram til kosninga í vor að gera þessi nýju baráttumál hans að sínum.

Til að byrja með þarf að banna sölu á öllu áfengi (það sjá allir árangurinn af því að banna fíkniefni) og taka upp skömmtun sem nemur því magni sem heilsugúruar telja hollt. Svo þarf að setja kvóta á matarinnkaup hvers og eins og banna allan óhollan mat. Mildari leið í byrjun væri að allir fengju sendan dagskammt af mat frá Lýðheilsustofnun sem greiddur væri af skattfé. Það myndi líka jafna kjör fólksins í landinu sem að mati Marðar er löngu tímabært.

Auðvelt er að koma í veg fyrir spilasjúkdóminn með því að banna einfaldlega alla spilakassa, fjárhættuspil og veðmál. Til að afnema ekki alveg hagnaðarvon meðaljóna eins og Marðar væri hægt að hafa eitt ríkishappdrætti og mætti hver þegn, kominn á fjárræðisaldur, eiga einn miða. Með því væri komið í veg fyrir að börn og unglingar ánetjuðust spilafíkn. Þetta gæti hins vegar leitt til þess að fleiri færu að gambla á hlutbréfamarkaðinum en þar sem það telst víst ekki sjúkdómur hefur Mörður ekki miklar áhyggjur.

Kaupæðið má síðan laga með því að setja kvóta á öll innkaup og banna allt framsal á honum. Í byrjun, og til að milda áhrif sjúkdómsmeðferðarinnar, gæti verið upplagt að banna útsölur en við slíkar aðstæður blossar sjúkdómurinn upp, verður bráðsmitandi og kaupæðið gjörsamlega stjórnlaust.

Klámsjúkdómurinn er erfðastur viðureignar en hann er algengastur hjá körlum. Hann virðist ná hámarki á unglingsárum en fjara smátt og smátt út með aldrinum, án þess að sérstakrar meðferðar sé þörf. Ekki eru allir sammála um að þetta sé sjúkdómur því sumar kerlingar telja þetta alvarlegan ofbeldisglæp gegn konum. Lausnin gæti því verið að setja alla klámfíkla í fangelsi þar til sjúkdómseinkennin eru horfin. Enda hljóta allir að sjá að það er glæpur að kaupa klámblað og verulega óheilbrigt að hafa gaman að slíku efni.

Gangi þetta eftir sér Mörður fyrir sér yndislegt samfélag. Leyfilegt verður að drekka eitt vínglas með matnum sem þykir hollt. Allir neyta sömu fæðu sem er nákvæmlega útpæld eftir nýjustu hollustusjónarmiðum og þannig hverfur allt matarsukk og ofneysla. Þetta mun einnig hafa í för með sér þau jákvæðu hliðaráhrif að nánast allt einelti mun hverfa. Bruðl með peninga verður ekki lengur mögulegt og ójöfnuður minnkar því verulega. Enginn letur hvarfla að sér að hugsa um klám og nákvæmar reglur um samlífi, hvað má sjást og ekki, hvað má gera og ekki, verða settar. Mörður telur þessar tillögur svo nauðsynlegar að rétt væri að setja þær í stjórnarskrána ásamt því að kveða á um að jafnt kynjahlutfall skuli vera í stétt grunnskólakennara og hjúkrunarfræðinga.



Sigrún H. Kristjánsdóttir,
lögfræðingur Evrópuskrifstofu Samtaka atvinnulífsins
í Brussel

Þjónustutilskipunin og áhrif hennar á lögmenn

Þjónustuviðskipti innan Evrópska Efnahagssvæðisins

Stærsti hluti þeirra starfa sem unnin eru í EES löndunum, þ.m.t. á Íslandi, telst til þjónustuviðskipta. Þjónustuviðskipti nema þó einungis um 20% af þeim viðskiptum sem eiga sér stað á milli landa EES. Ástæðan er sú að þjónustufyrirtæki mæta hindrunum í öðrum aðildarríkjum, sér í lagi í formi skilyrðisbindinga og leyfisveitinga af hálfu þess ríkis þar sem fyrirtækin hyggjast bjóða þjónustu. Til þess að bæta þessa stöðu var, eftir mikla þrautagöngu, tilskipun nr. 123/2006/EC um þjónustu samþykkt innan Evrópusambandsins. Hér á eftir verður farið yfir helstu meginreglur tilskipunarinnar eins og hún lítur út í dag og skoðað hvernig hún getur varð að lögmennsþjónustu hér á landi.

Gildissvið þjónustutilskipunarinnar

Tilskipunin gildir almennt um þjónustu sem veitt er af aðilum með staðfestu í aðildarríki og tekur bæði til þjónustu við viðskiptalífnið og neytendur, þar á meðal lögfræðiþjónustu, skatta- og fasteignaráðgjöf. Sú þjónusta sem ekki er sérstaklega undanskilin gildissviði tilskipunarinnar fellur undir hana, en undanskilin er m.a. þjónusta í almannaþágu sem ekki er rekin í hagnaðarskygni, fjármálaþjón-

usta, rafræn fjarskiptaþjónusta, þjónusta á sviði samgangna, starfsmannaleigur, heilbrigðis- og félagsleg þjónusta. Þjónustutilskipunin inniheldur almennar reglur enda er tekið fram í henni að ef í evrópusambandslöggjöf-inni séu ákvæði sem fjalli um aðgengi eða framkvæmd þjónustu í ákveðnum geirum, gangi sú löggjöf framur beri ákvæðum ekki saman. Ber hér að nefna að sérstakar evrópureglur eru í gildi um lögmenn, sjá hér á eftir.

Einföldun stjórnsýslu

Í tilskipuninni er fjallað um aðgerðir aðildarríkjanna til þess að auðvelda aðgengi þjónustuaðila frá öðru aðildarríki. Þar kemur m.a. fram að stjórnvöldum beri að yfirfara löggjöf sína til þess að einfalda verklagsreglur og formsatriði. Aðildarríki skulu sjá til þess að ákveðnar upplýsingar séu aðgengilegar bæði seljendum og kaupendum þjónustunnar, einkum verklagsreglur og formsatriði sem þjónustuveitendur þurfa að uppfylla. Þá ber stjórnvöldum að sjá til þess að þjónustuveitanda sé mögulegt að ganga frá öllum formsatriðum á einum og sama stað.

Upplýsingar um verð

Seljendum þjónustu ber að hafa tilteknar lágmarksupplýsingar um sig og þá þjónustu sem þeir hyggjast veita aðgengilegar. Þá ber að tryggja greiðan aðgang þjónustukaupenda að upplýsingum um aðgengi og framkvæmd

þjónustunnar í öðrum aðildarríkjum. Nefna má að í þjónustutilskipuninni er tekið fram að þjónustuveitandi þurfi að framvísa upplýsingum um verð fyrir þjónustuna (grein 22, f-liður) að öðrum kosti er skylt að kynna þá aðferð sem notuð er við verðútreikning.

Stjórnsýsluleg samvinna

Kveðið er á um stjórnsýslulega samvinnu og upplýsingaflæði milli þeirra stofnana aðildarríkjanna sem ábyrgar eru fyrir eftirfylgni með innleiðingu tilskipunarinnar. Eru þær stofnanir skyldugar til samvinnu, upplýsingamiðlunar og gagnkvæmrar aðstoðar.

Frelsi veitanda þjónustu til að staðfesta sig í öðru aðildarríki

Reglur um veitingu leyfis fyrir staðfestu eru endurbættar og ástæður sem heimila að sérstakrar leyfisveitingar sé þörf, eru takmarkaðar að mun, auk þess sem að umrædd leyfisveiting þarf að vera nauðsynleg og ferlið hvorki fela í sér mismunun né ganga lengra en nauðsyn krefur.

Í gildi er tilskipun 98/5/EB „um að auðvelda lögmönnum að starfa til fram-búðar í öðru aðildarríki en þar sem þeir hlutu starfsmenntun sína og hæfi“ og er tilgangur hennar m.a. sá að auðvelda lögmönnum að fá starfsheiti í gístaðildarríkinu. Til eru fjölmargir dómur Evrópudómstólsins sem lúta að þessu, sbr. t.d. dóm í máli C-193/05.

Samkvæmt umræddri lögmannatilskipun gildir að edlilegt er að líta svo á að lögmaður hafi öðlast nauðsynlega hæfni til þess að fá fulla inngöngu í starfsgrein lögmannna í gistiríkinu, hafi hann starfað reglubundið og með virkum hætti í þrjú ár í réttarkerfi þess ríkis, en einnig er heimilt að sannreyna þekkingu umsækjanda þrátt fyrir að hann hafi ekki starfað í réttarkerfi gistiríkisins í full þrjú ár.

Lögmannatilskipun þessi var innleidd í íslenskan rétt með reglugerð 896/2004, „um rétt lögmannna frá öðru EES-ríki til að veita þjónustu hér á landi“. Samkvæmt reglugerðinni getur lögmaður sem hefur starfsréttindi í öðru EES-ríki veitt lögmannsþjónustu hér á landi undir starfsheiti heimalands síns, tilkynni hann Dómsmálaráðuneytinu að hann óski eftir skráningu hér á landi. Einnig er kveðið á um heimildir erlendra lögmannna til að fá íslensk lögmannsréttindi.

Frjálst flæði þjónustu

Í þjónustutilskipuninni kemur fram að aðildarríkjunum beri að virða rétt þjónustuveitanda til þess að stunda starfsemi í öðru ríki en þar sem hann hefur staðfestu og ber að tryggja frjálst og óheft aðgengi hans. Í stuttu máli má segja að aðildarríkjunum sé ekki heimilt að setja takmarkanir af neinu tagi á þjónustuveitanda frá öðru aðildarríki nema af sérstökum ástæðum en slíkum takmörkunum hefur fækkað mikið frá því sem var.

Í 17. grein þjónustutilskipunarinnar er talin upp sú þjónusta sem undanskilin er ákvæðunum um frjálst flæði. Meðal þess eru atriði sem heyra undir tilskipun 77/249/EEC „um að auðvelda lögönnum að neyta réttar til að veita þjónustu“. Fallið hafa fjölmargir dómur Evrópudómstólsins um túlkun þeirrar lögmannatilskipunar, sjá t.d. dóm í máli C-294/89. Samkvæmt umræddri lögmannatilskipun hefur lögmaður sem aflað hefur sér starfsréttinda í heimalandi rétt til að stunda þjónustustarfsemi í öðru aðildarríki, ef hann notar starfsheiti sitt á máli þess aðildarríkis sem hann hefur starfsrétt-

indi frá. Lögmaður skal tilgreina fagfélagið sem hann tilheyrir eða dómstól sem hann hefur rétt til að mæta fyrir. Í tilskipuninni eru einnig ákvæði sem heimila takmarkanir varðandi mætingu og vörn skjólstæðings fyrir rétti auk heimildar til að kefjast sönnunar um menntun og hæfi viðkomandi lögmanns.

Reglugerð nr. 648/2005 „um rétt lögmannna frá öðru EES-ríki til að veita tímabundna þjónustu hér á landi“ innleiðir þessa lögmannatilskipun. Þar kemur m.a. fram að lögmaður frá öðru EES-ríki sem hyggst starfa á Íslandi skal tilkynna það Dómsmálaráðuneytinu. Lögmaðurinn skal einnig leggja fram gögn sem m.a. sanna að hann hafi réttindi í heimalandi og starfsábyrgðartryggingu.

Sambætting þjónustutilskipunarinnar og annarra reglna um lögmennt

Ákvæði tilskipana um lögmennt, ásamt tilskipun 2005/36/EC „um almenn kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum“, ganga framar ákvæðum þjónustutilskipunarinnar ef ákvæðum ber ekki saman. Þar sem ákvæði þjónustutilskipunarinnar verða taldar almennar reglur (lex generalis) á móti hinum fyrrgreindu tilskipunum (lex specialis), munu ákvæði þjónustutilskipunarinnar sem ekki eru andstæð þeim sérstöku reglum um lögmennt sem greint var frá, væntanlega taka til þjónustustarfsemi lögmannna.

Ákvæði þjónustutilskipunarinnar sem einfalda og minnka takmarkanir við frelsi til staðfestu í öðru aðildarríki, myndu væntanlega vera ákvæði sem ættu við um lögmennt sem hyggðust staðfesta sig í öðru aðildarríki. Hið sama ætti að gilda um reglur þjónustutilskipunarinnar um einföldun stjórnsýslu, upplýsingamiðlun (sjá t.d. það sem áður sagði um skyldu til að upplýsa um verð) og stjórnsýslulega samvinnu stofnana, svo framarlega sem ekki gildi sérreglur annarra tilskipanna. Sem dæmi má nefna að ákvæðið um auðvelt aðgengi að stjórnvaldi

gætu átt við þegar erlendur lögmaður hyggst skrá sig á Íslandi.

Lokaorð

Þjónustutilskipunin hefur það að markmiði að auka millilanda-verslun með þjónustuviðskipti, þar á meðal lögfræðiþjónustu og stuðla þannig að aukinni samkeppni milli Evrópuríkja. Auðveldara verður að veita þjónustu yfir landamæri og að fá staðfestu í öðru aðildarríki.

Einstaklingar og lögaðilar í EES ríkjunum munu eiga auðveldara með að kaupa þjónustu af erlendum aðilum og réttur kaupanda verður eflur. EES lögönnum er nú gert auðveldara að bjóða þjónustu sína hér á landi og hið sama gildir um íslenska lögmennt í aðildarríkjunum EES.

Við hæfi er að enda þetta stutta yfirlit á orðum Charlie McCreevy sem fer með málefni þjónustu í framkvæmdastjórn ESB en hann hefur sagt að þjónustutilskipunin sé nauðsynlegt skref í þá átt að efla innri markað með þjónustu og þá sérstaklega hvað varðar lögverndaðar starfsgreinar, þar sem þjónusta sérfræðinga sé mjög mikilvæg fyrir atvinnu og efnahag ríkja. Þannig leiði aukin samkeppni í þjónustu, ásamt tryggingu fyrir gæðum hennar, til meiri hagsældar fyrir alla.





Margrét Gunnarsdóttir advokat

Hvernig héraðsdómslögmaðurinn varð advokat í Noregi

Þegar ég var í lagadeild HÍ var almennt álitid að námið fæli í sér hálfgerða átt-hagafjötra og að einu möguleikarnir til þess að starfa sem íslenskur lögfræðingur erlendis væru í sendiráðum Íslands eða hjá alþjóðastofnunum. Á þessum árum var EES-samningurinn tiltölu-lega nýr af nálinni og ekki margir sem sáu fyrir þá byltingu sem síðar varð í lagasetningu vegna skuldbindinga Íslands sem eiga rætur að rekja til EES-samningsins. Í dag gætir áhrifa EES-samningsins víða og hafa ákvæði hans um frjálsa för fólks, þjónustufrelsið og stofnsetningarréttinn skapað aukin tækifæri fyrir lögmennt sem hafa öðlast lögmannsréttindi í einu EES-ríki til þess að vinna sem lögmennt í öðru EES-ríki.

Á haustmánuðum 2006 þurfti ég að kynna mér hvernig íslensk héraðsdómslögmannsréttindi gætu nýst mér í Noregi. Ástæðan var sú að ég var ráðin til starfa í samkeppnis- og evrópuréttardeild norsku lögmannsstofunnar Thommessen Krefting Greve Lund AS (Thommessen). Mér stóð til boða að fara sömu leið og aðrir fulltrúar á lögmannsstofum í Noregi, það er að vinna sem fulltrúi í tvö ár, sækja norskt lögmannanámskeið og flytja þrjú prófmál. Það hefði þó að mínu mati verið tvíverknauður þar sem ég hafði þegar sótt lögmannanámskeið á Íslandi og auk

þess flutt fjölda mála í héraði meðan ég starfaði sem lögmaður á Íslandi.

Ég kannaði því hvaða leiðir væru í boði. Norðmenn, eins og Íslendingar, hafa innleitt tilskipanir 89/48/EBE og 98/5/EB í landsrétt á þann hátt að lögmanni með lögmannsréttindi á EES-svæðinu standa tveir kostir til boða. Annars vegar getur hann sótt um það til Lögmannaeftirlitsins (Advokattilsynsrádet) að lögmannsréttindin séu yfirfærð þannig að viðkomandi, ef fallist er á ósk hans, starfi sem lögmaður undir innlendu starfsheiti, sem í Noregi er advokat. Hins vegar getur hann boðið fram lögmannsþjónustu undir starfsheiti síns heimaríkis, sem í mínu tilfelli er héraðsdómslögmaður. Geri hann það verður hann fyrst að skrá sig hjá Lögmannaeftirlitinu. Eftir þrjú ár getur hann síðan sótt um yfirfærslu réttindanna samkvæmt fyrri leiðinni. Vitaskuld var fyrri kosturinn talinn vænlegri enda hefði ég annars þurft að starfa undir íslenska starfsheitinu *héraðsdómslögmaður*. Þó að norska sé náskyld íslenskunni er hætt við að mörgum hefði vafist tunga um tönn.

Það varð því úr að ég kannaði hvaða gögn þyrftu að fylgja umsókn til Lögmannaeftirlitsins um yfirfærslu lögmannsréttinda minna milli Íslandi og Noregs. Samkvæmt 9. kafla reglugerðar

nr 1161 frá 1996 (Advokatforskriften) skal umsækjandi um norsk lögmannsréttindi leggja fram gögn sem sýna fram á ríkisborgararétt í EES-ríki og staðfestingu á lögmannsréttindum. Þá skal umsækjandi sýna fram á eitt af eftirfarandi þremur atriðum:

- Að hafa þreytt stöðupróf sem sýni fram á kunnáttu í norskum rétti.
- Að hafa boðið fram þjónustu sem lögmaður í Noregi í 3 ár að því gefnu að viðkomandi hafi unnið að málum á þessum tíma sem reyna á norskan rétt eða Evrópurétt.
- Þá er gert ráð fyrir því að hafi viðkomandi boðið fram þjónustu sem lögmaður í Noregi í þrjú ár en ekki unnið að málum sem reyna á norskan rétt eða Evrópurétt nema í skamman tíma eigi hann þess kost að sýna fram á að hann hafi aflað sér þekkingar á norskum rétti á annan hátt.

Með hliðsjón af þessu taldi ég nokkuð öruggt að ég þyrfti að taka stöðupróf, samkvæmt a-lið, þar sem ég uppfyllti ekki skilyrði b og c. Samkvæmt reglugerðinni getur Lögmannaeftirlitið þó veitt undanþágu frá prófrauninni, annað hvort að öllu leyti eða að hluta, án þess að nánar sé tilgreint hvaða tilvik falli þar undir. Þegar ég spurði Lögmannaeftirlitið nánar um þessa

undanþágu upplýstu þeir að danskir og sænskir lögmenntendur hefðu fengið útgefningu í norsk lögmannsréttindi án þess að þurfa að þreyta slíkt stöðupróf. Var undanþágan veitt á grundvelli þess að uppbygging lagakerfis landanna væri svo lík að það væri ekki þörf á því að senda danska eða sænska lögmenntendur sérstakt próf um norska lögfræði. Eftir að hafa stautað mig í gegnum danskar og norskar kennslubækur í lagadeildinni á sínum tíma sá ég ekki annað en að íslenskur lögfræðingur gæti borið fyrir sig sömu rök. Íslensk löggjöf er á flestum sviðum byggð á norrænni samvinnu auk þess sem Evrópurétturinn

hefur mótað löggjöf okkar á sama hátt og þá norsku. Í umsókninni til Lögmannaeftirlitsins um norsk lögmannsréttindi lagði ég því fram umbeðin gögn auk stuttrar greinargerðar um það hversu líkt íslenskt lagakerfi væri því norska og danska. Ég vísaði einnig til þess að danskir og sænskir umsækjendur hefðu fengið réttindi sín yfirfærð án þess að þurfa að þreyta stöðupróf og að sömu reglur ættu að gilda um mína umsókn. Mér til mikillar ánægju féllst Lögmannaeftirlitið á röksemdir mínar og gaf út norskt leyfisbréf á grundvelli íslenskra lögmannsréttinda. Í dag er

starfsheiti mitt því advokat og hef ég sömu réttindi og skyldur og norskir kollegar mínar auk þess að vera meðlimur í norska lögmannafélaginu eða Advokatforeningen. Mér skilst að ég sé fyrsti íslenski lögmaðurinn sem fer þessa leið, þ.e. að fá útgefningu erlend lögmannsréttindi á grundvelli íslenskra réttinda. Miðað við þá þróun sem hefur orðið á evrópskum vinnumarkaði á síðustu árum, útrás Íslendinga og auknum tækifærum fyrir íslenska lögfræðinga og lögmenntendur til þess að starfa erlendis, geri ég hins vegar ráð fyrir því að fleiri muni íhuga þennan möguleika í framtíðinni.

Nýlega útgefnar bækur komnar á bókasafn LMFÍ

Retskilder & retsteorier

Höf. Ruth Nielsen og Christina D. Tvarno – 1. útgáfa 2005.
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag

Advokaters erstatningsansvar

Höf. Søren Halling-Overgaard – 2. útgáfa 2005.
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag

Udbud af offentlige kontrakter

Höf. Ruth Nielsen – 3. útgáfa 2005
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag

Færdselsansvar

Höf. Hans Henrik Vagner ásamt Helle Isager – 4. útgáfa 2004
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag

Aftaleloven

Med kommentaer af Lennard Lyng Andersen – 4. útgáfa, endurskoðuð
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag

Køb og salg af virksomheder

Höf. Johannus Egholm Hansen & Christian Lundgren – 3. útgáfa 2005
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag

Parallelhandel og varesnes frie bevægelighed

Höf. Jens Hartig Danielsen – 1. útgáfa 2005
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag



Copyright, limitations and the three-step test

An Analysis of the Three-Step Test in International and EC Copyright Law
Höf. Martin Senftleben
Útg. af KLUWER LAW INTERNATIONAL 2004.

Psychological injury

Höf. Dr. Hugh Koch and Tim Kevan.
Útg. af XPL law publishing 2005.

På vej mod nye globale strategier

Offentlige goder og menneskerettigheder
Höf. Erik André Andersen, Birgit Lindsnæs & Stig Ree.
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2005.

Arbejdsmarkedets regler 2006

Ritstj. Ole Hasselbalch
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2006.

Arveloven

Med kommentarer af Svend Danielsen
5. útgáfa 2005
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag

Tilbudsloven

Lov om indhentning af tilbud i bygge- og anlægssektoren med kommentarer
Med kommentarer af Erik Hørlyck
2. útgáfa 2006
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2006.

Virksomheders ledelse og sociale ansvar

Perspektiver på Corporate Governance og Corporate Social Responsibility
Ritstj. Karin Buhmann & Jacob Dahl Rendtorff
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2005.

Tvangsauktion

Over fast ejendom og andelslejligheder
Höf. Mogens Johannsen
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2005.

Udbudsretlige erstatningspørgsmål

Höf. Torkil Høeg
Útg. af Jurist- og Økonomforbundets Forlag 2005.

How to Hire and Fire in 76 Jurisdictions

Ritstj. Erik van Emden, Jon heuvel og Marie-Laure Labat-Oliveau
Útg. af KLUWER LAW INTERNATIONAL 2005.

International securities law handbook

Ritstj. Jan-Luc Soulier and Marcus Best
2. útgáfa 2005
Útg. af KLUWER LAW INTERNATIONAL.

Software and internet law

Ritstj. Mark A. Lemley, Peter S. Menell, Robert P. Merges og Pamela Samuelson.
3. útgáfa 2006.
Aspen publishers

Lögmannanámsskeið

Talsvert er um að kennarar á námskeiðinu skipti þátttakendum upp í hópa og leggi fyrir þá raunhæf verkefni. Hér sjást nokkrir þátttakendur í slíku starfi.



Námskeið til öflunar réttinda til að vera héraðsdómslögmaður stendur yfir og er þetta í áttunda sinn sem slíkt námskeið er haldið. Alls eru 49 þátttakendur skráðir á námskeiðið í ár, þar af 18, sem ekki luku námskeiðinu á síðasta ári með fullnægjandi hætti.

Ný prófnefnd samkvæmt 7. gr. lögmannalaga nr. 77/1998, tók til starfa í byrjun ársins, en hana skipa Þorsteinn Davíðsson, aðstoðarmaður dómsmálaráðherra, skipaður af ráðherra án tilnefningar, Ingveldur Einarsdóttir, héraðsdómari, tilnefnd af Dómarafélagi Íslands, og Þórunn Guðmundsdóttir, hrl., tilnefnd af Lögmannafélagi Íslands. Varamenn eru Guðrún

Margrét Baldursdóttir, lögfræðingur, Sigrún Guðmundsdóttur, héraðsdómari, og Stefán Geir Þórisson, hrl.

Fyrir tilstilli Lögmannafélags Íslands hefur verið gerð breyting á reglugerð nr. 1095/2005 um próf til að öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmaður, þar sem gert er ráð fyrir að þátttakandi sem ekki stenst einstök próf, geti sótt um það til prófnefndar að endurtaka þau einu sinni. Þessi breyting felur í sér mikið hagræði fyrir þátttakendur sem ekki ná að ljúka prófum þar sem þeir þurfa ekki lengur að bíða í heilt ár eftir því að fá að endurtaka prófin.



Örugg eyðing gagna

GAGNAEYÐING

Skútuvoji 13
s. 568 9095
gagnaeyding.is

Suðurlandsbraut 24 • gutenber.is • Sími 545 4400

BREYTING Á FÉLAGATALI

Ný málflytningarséttindi fyrir Hæstarétti Íslands

Ólafur Eiríksson hrl.
LOGOS lögmannssþjónusta
Efstaleiti 5
105 Reykjavík
Sími: 540-0300
Fax: 540-0301

Jón Eysteinnsson hrl.
Faxabraut 49
230 Reykjanesbær
Sími: 861-5286

Guðjón Ægir Sigurjónsson hrl.
Málflytningsskrifstofan Austurvegi 6 ehf.
Austurvegi 38
800 Selfoss
Sími: 482-2299
Fax: 482-2229

Jón Höskuldsson hrl.
Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík
Sími: 511-1617
Fax: 511-2001

Guðmundur Óli Björgvinsson hrl.
B&B lögmennt ehf.
Lágmúla 7
128 Reykjavík
Sími: 581-1190
Fax: 581-1170

Sigríður Rut Júlíusdóttir hrl.
Ragnar Aðalsteinsson og Sigríður Rut Júlíusdóttir – Lögmennt ehf.
Klapparstíg 25-27
101 Reykjavík
Sími: 511-1206
Fax: 511-1207

Ný málflytningarséttindi fyrir héraðsdómi

Borgar Þór Einarsson hdl.
Landsbanki Íslands
Austurstræti 11
155 Reykjavík
Sími: 410-7745
Fax: 410-3101

Drífa Kristín Sigurðardóttir hdl.
Landsbanki Íslands
Hafnarstræti 5
Sími: 410-7463
Fax: 410-3013

Puríður Björk Sigurjónsdóttir hdl.
Umferðastofa
Borgartúni 30
105 Reykjavík
Sími: 580-2013
Fax: 580-2003

Guðmundur Siemsen hdl.
Fulltingi ehf.
Suðurlandsbraut 18
108 Reykjavík
Sími: 533-2050
Fax: 533-2060

Póra Björg Jónsdóttir hdl.
Lex ehf.
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 590-2600
Fax: 590-2606

Nýr vinnustaður

María Magnúsdóttir hdl.
Lögheimtan
Borgarbraut 91
310 Borgarnes
Sími: 440-7900
Fax: 440-7901

Kristín Benediktsdóttir hdl.
Lögmannsstofa Gizurar Bergsteinssonar
Ránargötu 31
101 Reykjavík
Sími: 581-1166
Fax: 581-1170

Dóra Sif Tynes hdl.
Teymi
Skútuvogi 2
104 Reykjavík
Sími: 595-5000
Fax: 595-5001

Stefán Bjarni Gunnlaugsson hrl.
Lögmennt Thorsplani
Fjarðargötu 11
220 Hafnarfjörður
Sími: 565-5033
Fax: 565-2423

Dagmar Arnardóttir hdl.
Lex lögmannsstofa ehf.
Sundagörðum 2
104 Reykjavík
Sími: 592-2600
Fax: 590-2606

Guðmundur St. Ragnarsson hdl.
Reykjavíkurborg – velferðarsvið
Tryggvagötu 17
101 Reykjavík
Sími: 411-9000
Fax: 411-9049

Tryggvi Þórhallsson hdl.
Mörkin lögmannsstofa
Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík
Sími: 414-4100
Fax: 414-4101

Nýtt aðsetur

Lögron ehf.
Katrín Theodórsdóttir hdl.
Ásvallagötu 2
101 Reykjavík
Sími: 568-8655
Fax: 534-8655

Lögfræðistofa Helgu Leifsdóttur hdl.
Ármúla 15
108 Reykjavík
Sími: 550-3700
Fax: 550-3701

Málþing ehf.
Skúli Bjarnason hrl.
Ingólfsstræti 3
101 Reykjavík
Sími: 561-8200
Fax: 561-8201

Juralis - Lögmannsstofa
Sveinn Guðmundsson hdl.
Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík
Sími: 533-5858
Fax: 533-5859



VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtuþjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



TCM INNHEIMTA
SUDURLANDSBRAUT 4A
108 REYKJAVÍK
www.tcm.is